



A 1690/presidiet

Flytjandi:
Norrænu frelsi

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00274-1

Þingmannatillaga um starfshóp um stefnu í málefnum innflytjenda hjá Norðurlandaráði

Tillaga

Norrænt frelsi leggur til

að forsætisnefnd Norðurlandaráðs komi á fót starfshópi um stefnu í málefnum innflytjenda hjá Norðurlandaráði.

Forsaga

Málefni innflytjenda hafa aldrei haft meiri áhrif á norrænu löndin og tengsl þeirra hvert við annað. Á síðasta ári komu um 246.100 hælisleitendur til norrænu landanna. Fyrir Finnland jafngilti það til dæmis nærri 800 prósentu aukningu á fjölda hælisleitenda samanborið við árið á undan. Löndunum hefur tekist að hafa stjórn á ástandinu, en áfram mun fjöldi hælisleitenda streyma til Norðurlanda og ringulreið ríkja fyrir botni Miðjarðarhafs.

Samfélög okkar standa því frammi fyrir ýmsum áskorunum vegna fólksflutninga og áhrifa þeirra. Mikilvægt er að við berum saman starfshætti og reynslu norrænu landanna af fólksflutningum.

Starfshópur um stefnu í málefnum innflytjenda myndi ræða stöðuna í málaflokkinum á Norðurlöndum með það að markmiði að kynna ásættanlegar lausnir á viðfangsefnum tengdum málefnum innflytjenda. Hópurinn myndi auka miðlun þekkingar á málefnum innflytjenda og efla góða starfshætti og lausnir á vandamálum tengdum fólksflutningum á Norðurlöndum.

Stokkhólmi, 26. september 2016

Anne Louhelainen (saf)
Arja Juvonen (saf)
Jan Erik Messmann (DF)

Juho Eerola (Saf)
Mikkel Dencker (DF)